

Níðurkenningu fyrir vandaða umfjöllun um umhverfismál

1999

hlýtur

útgáfufélag Glettings

fyrst meðfylgjandi
Glettinga 1998.



Umhverfisráðuneytið

Reynum að setja fram óvilhallar upplýsingar

GLETTINGUR - tímarit um austfísk málefni, fékk verðlaun umhverfisráðherra fyrir umfjöllun um umhverfismál á sunnudag. Hjörleifur Guttormsson alþingismaður veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd aðstandenda Glettings. Sagði Hjörleifur við það tækifæri að útgáfa Glettings væri hugsjónastarf þar eð aðstandendur ætla sér ekkert í sinn hlut. Væri slík iðja orðin næsta fágæt hérlandis en þó ekki einsdæmi.

Í ritnefnd Glettings sitja Helgi Hallgrímsson ábyrgðarmaður, Skarphéðinn G. Þórarinsson og Steinunn Ásmundsdóttir, sem jafnframt er ritstjóri síðasta heftis.

Steinunn Ásmundsdóttir ritstjóri segir í niðurlagi ritstjórnarspjalls síns í síðasta hefti, að Glettingur hafi tekist á hendur það erf-



Steinunn
Ásmundsdóttir,
ritstjóri Glettings

iða hlutverk að reyna að varpa ljósi á þá margbrotnu fleti sem felast í umræðunni um virkjanir á svæðinu norðaustan Vatnajökuls.

Steinunn sagði í samtalí við Morgunblaðið í gær að verðlaunin væru mikils virði því þau vektu athygli á blaði sem hefur leitast við að birta vandað efni um Austurland í mörg ár.

„Jafnframt skiptir betta mjög miklu máli fyrir umræðuna um virkjanir á Austurlandi. Það hlýtur að vera mikilvægt að þakka það þegar menn taka að sér að ná einhverri yfirsýn yfir þá umræðu sem hefur gengið hér á í svo mörg ár,“ sagði Steinunn.

Að mati Steinunnar hefur umræðan einkennst af því að fólk þekkir gjarnan ekki báðar hliðar á málignum virkjana. „Fólk tekur

afstöðu án þess að hafa kynnt sér hvorutveggja málstaði og það er gríðarlega mikils virði að geta komist í upplýsingar sem eru óvilhallar. Við vorum að reyna að setja fram óvilhallar upplýsingar í þessu tímariti og svo geta aðrir dæmt um það hvernig til tókst,“ sagði Steinunn.

Glettingur - tímarit um austfísk málefni hefur verið gefið út á Egilsstöðum í átta ár og út eru komin 18 tölusett eintök. Síðasta hefti var gefið út í 1000 eintökum en að jafnaði er upplag tímaritsins nálægt 300 eintökum.

„Síðasta heftið og það sem eflaust hefur beint augum umhverfisráðuneytisins og ráðherra að ritinu ber undirtitillinn Snæfellsblað, enda fjallar það öðru fremur um Snæfellsöraði, Eyjabakka-svæðið, Jökulsá í Fljótsdal og hugmyndir um stóriðju á Austurlandi. Petta rit eins og fyrr töluð er ríkulega myndskreytt og vel úr garði gert,“ sagði Hjörleifur Guttormsson þegar hann veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd útgefenda.

27/11/1999